

**136. fundur skólanefndar ME,
haldinn 15. júní 2017 kl. 17:00 í fundaherbergi skólans**

Mættir skólanefndarmenn: Skúli Björn Gunnarsson ásamt varamönnum Steinunni Ásmundsdóttur og Halldóri B. Warén. Anna Björk Guðjónsdóttir, Gauti Jóhannesson, Ragnhildur Rós Indriðadóttir og Esther Ösp Gunnarsdóttir boðuðu forföll.

Mættir áheyrnarfulltrúar: Aron Steinn Halldórsson f.h. nemenda, Hlynur Ármannsson f.h. kennara og Steinunn Snædal f.h. foreldra.

Jafnframt sátu fundinn: Árni Ólason skólameistari og Arnar Sigbjörnsson áfangastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Staðfesting fundargerðar nr. 135
2. Staða ráðningamála við ME
3. Verðskrá næsta skólaárs
4. Staðfesting skóladagatala
5. Önnur mál.

Skúli Björn setur fund um kl. 17.10 og býður Aron Stein, nýkjörinn formann NME, velkominn sem nýjan áheyrnarfulltrúa nemenda í skólanefnd. Nefndarmenn kynna sig. Skúli Björn greinir frá því að verið sé að ganga frá skipun nýrrar skólanefndar. Gengið er til dagskrár.

1. Staðfesting fundargerðar nr. 135

Búið var að samþykkja fundargerð 135. fundar í tölvupósti og var hún staðfest með undirritun á fundinum.

2. Staða ráðningamála við ME

Þrjár kennarastöður voru auglýstar í vor, 50% í efnafræðikennslu, 50% stærðfræðikennslu og 50% í félagsgreinakennslu. Nokkrar umsóknir bárust og varð niðurstaðan sú að ráða Eyrúnu Arnardóttur í efnafræðina, Soffíu Ingvarsdóttur áfram í stærðfræðina og Dag Skírni Óðinsson áfram í félagsfræðina. Búið er að fá undanþágur fyrir leiðbeinendur.

Hugsanlega er svigrúm fyrir 25% stöðu í félagsgreinum í viðbót en það kemur betur í ljós þegar farið verður í kennsluskiptingu fyrir haustið.

Eina staðan sem ekki hefur tekist að ráða í er 75% starf í ræstingum.

Árni Óla segir frá breytingum á starfsliði skólans milli ára. Úr leyfum koma Valgerður Dögg Hreinsdóttir og Ólöf Björk Bragadóttir og í leyfi fara Marianna Jóhannsdóttir og Björn Gísli Erlingsson. Ólöf Björg Ólafsdóttir og Þórður Mar Þorsteinsson leysa þau af.

Sigrún Harðardóttir, Fannar Ingi Veturliðason, Jóna Bjarnadóttir, Jóney Jónsdóttir, Erla Sigrún Einarsdóttir, Ingibjörg Haraldsdóttir, Kristbjörg Sigurðardóttir og Hlynur Halldórsson hætta störfum við skólann.

Starfshlutfall breytist hjá nokkrum starfsmönnum og Katrín María Magnúsdóttir, Arnar Sigbjörnsson, Sigríður Klara Sigfúsdóttir og Hilma Guðmundsdóttir fá fastráðningu í sínum störfum.

Stefnt er að þeirri nýbreytni að klára kennslu- og spanskiptingu fyrir sumarfrí. Þannig fá bæði kennarar og nemendur upplýsingar um skipulag haustsins með töluverðum fyrirvara.

3. Verðskrá næsta skólaárs

Árni varpar upp gjaldskrá ME og gerir tillögu um að hún verði óbreytt fyrir næsta skólaár. Tillagan samþykkt.

Það stefnir í að reksturs mötuneytis skólans skili nokkrum hagnað eftir veturinn. Því er ekki ástæða til að hækka mötuneytisgjöld enda ekki markmið að safna sjóðum þar.

4. Staðfesting skóladagatala

Skóladagatal 2017/2018 var staðfest af hálfu kennara á starfsdögum í maí. Árni varpar því upp. Námsmatsdagar verða fimm í lok hverrar spannar í stað þriggja. Haustönnin er knöpp en meira pláss á vorönninni. Vorútskrift 2018 verður um svipað leyti og á þessu skólaári eða 26. maí.

Fardagar fara fram 6.-9. mars og verða áfram samræmdir milli aðila Fjarmentaskólans og er reiknað með að þeir verði með svipuðu sniði og á þessu skólaári. Lára kemur með þá hugmynd að bjóða nemendum upp á starfsþjálfun á þessum dögum.

Búið er að breyta reglugerð um starfstíma skóla og auka svigrúm varðandi tilhögun daga sem áður töldust frídagar.

Skóladagatalið samþykkt athugasemdalaust.

5. Önnur mál.

a. Barkinn:

Umræða skapast um Barkann en að mati Arons Steins er ólíklegt að hann verði haldinn á næsta ári vegna fámennis gesta og þátttakenda í ár. Í það minnsta verði hann með breyttu sniði. Hugsanlega væri hægt að bjóða upp á fleiri hluti en söngatriði. Upp kemur sú hugmynd að tengja ME við Tónkvíslina sem er stór tónlistarviðburðu í Framhaldsskólanum á Laugum.

b. Stofnun ársins:

Skúli Björn greinir frá því að ME lyfti sér upp í 27.-28. sæti í heildina og 11. í sínum flokki í könnuninni Stofnun ársins á vegum SFR. Fyrir fjórum árum skrpaði skólinn botninn í sömu könnun. Ný skólanefnd rýnir betur í niðurstöður könnunarinnar næsta haust.

c. Sálfræðipjónusta í ME:

Skúli Björn og Árni greina frá því að búið sé að ráða í tvær stöður sálfræðinga hjá HSA og hálf staða sé ætluð ME. Þetta er mikið gleðiefni og kærkomin viðbót við nemendapjónustu skólans. Samkvæmt fyrstu skoðun á umsækjendum næsta árs er ekki vanþörf á öflugri nemendapjónustu. Margir eru með sögu um ýmiskonar erfiðleika. Einnig vekur athygli að óvenju margir nýnemar eru tvítyngdir.

d. Heimsókn menntamálaráðherra:

Árni Óla segir frá heimsókn Kristjáns Þórs Júlíussonar menntamálaráðherra í maí. Snæddur var hádegisverður og sýndi Árni honum húsnæði skólans auk þess að kynna honum sögu skólans. Rædd voru ýmis mál, s.s. samstarf milli skóla á Austurlandi.

e. Innritunarmál:

Innritun fyrir haustið er langt komin. Það stefnir í að nýnemar verði í kringum 65 og heildarfjöld nemenda milli 260 og 270. Gert er ráð fyrir að svarbréf verði send út 16. júní.

f. Heimavistarmál:

Aðsókn að heimavist er minni en í fyrra sem skýrist að stærstu leyti að því að 22 nýnemar sækja um heimavist á móti u.þ.b. 40 í fyrra. Búast má við í kringum 80 nemendum á vistina.

Umgengni hefur verið góð á vistinni og húsgögn á herbergjum koma almennt óskemmd undan vetri. Nýir stólar komu inn á vistina í vor og stefnt er að því að setja led lýsingu á öll herbergi á næstunni, jafnvel í sumar. Einnig er farið að huga að því að skipta út rúmum.

g. Starf foreldrafélagsins:

Steinunn Snædal segir lauslega frá starfi foreldrafélagsins í vetur. Það studdi m.e. við Barkann og fyrirlestra á vegum Kindsegin, hinseginfélags skólans. Steinunn hefur staðið vaktina á foreldrarölti af mikilli elju þegar nemendafélagið hefur haldið skemmtanir. Oft hefur hún verið ein á röltinu en bindur vonir við meiri þátttöku næsta vetur enda sé von á öflugum foreldrum í félagið. Árni þakkar Steinunni fyrir sín störf í vetur.

h. Staða listnáms:

Lára spyr hvort einhver vinna hafir farið af stað varðandi breytingar á listnámi eins og rætt hafi verið fyrr í vetur. Árni nefnir að verið sé að sameina sjóði skólans og gera nýja skipulagsskrá sem gæti opnað dyr varðandi fjármögnun listnáms. Árni er á því að taka listnámsbrautina til skoðunar og athuga hvort breytinga sé þörf, s.s. smíða listnámslínur við stúdentsbrautir.

Aron Steinn nefnir að nemendur fái þá hugmynd frá foreldrum sínum að listnám sé ekki jafngilt öðru stúdentsnámi. Hlynur veltir upp hvort nafnið „listnámsbraut“ hafi fælingarmátt og betra væri að tala um t.d. „skapandi braut“ í staðinn.

Fyrr á fundinum komu upp umræður um að ásókn í listnámsbraut væri óvenju mikil meðal nýnema en 13 þeirra nemenda sem sóttu um ME sem fyrsta val óskuðu eftir innritun á brautina. Fjöldi innritaðra var þó minni þar sem sumir þessara nemenda hefja nám á framhaldsskólabraut. Lára nefnir að skýring á þessari ásókn kunni að vera sú að orðspor brautarinnar sé farið að breiðast út og kynningarstarf sé loksins að skila sér. Þessi ásókn nýnema gæti haft áhrif á frampróun listnámsbrautar.

Möguleikar á uppsetningu FabLab ræddir og hvort hægt væri að tengja það við hráefni í nærumhverfinu, s.s. nytjaskóg, sem kynni að styrkja grunn fyrir slíku námi. Hugmyndir séu í gangi um rannsóknarsetur í skógræk á Héraði og möguleiki að tengja við það.

Árni sýnir fundarmönnum mynd af FabLab stofu í Vestmannaeyjum og rætt um möguleika á uppsetning slíkrar stofu hér. Mögulegt væri að tengja það við símenntun. Rétt er að byrja á ígrundaðri hugmyndavinnu áður en ráðist verður í framkvæmdir.

Fleira ekki rætt og Skúli Björn slítur fundi kl. 18:15. Fundarmönnum þakkaður veturinn.

Fundargerð ritaði Arnar Sigbjörnsson.

